

**Nd.**

## **12. Frumvarp til laga**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Flutningsm.: Jón Pálmason.

### **1. gr.**

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en varð óútrætt í efri deild. Það miðar að því að veita Búnaðarþingi fullt vald yfir málum Búnaðarfélags Íslands, og virðist því hafa frekar aukizt fylgi á síðari árum, einkum meðal bænda landsins, enda eðlilegt að svo sé. Má því ætla, að Alþingi daufheyrist eigi lengur en orðið er við þeirri kröfu, sem í frumvarpinu felst.